

Fréttatilkynning frá Samtökum ferðaþjónustunnar 20. desember 2011

UNDANÞÁGUR FRÁ GISTINÁTTASKATTI – GEÐÞÓTTAÁKVARÐANIR ÞINGMANNA

Nú í lok haustþings samþykkti Alþingi breytingar á lögum um gistináttaskatt, sem taka á gildi um næstu áramót, og undanskildu hluta gistingar s.s. alla gistingu ferðafélaganna s.s. Ferðafélags Íslands og Útivistar svo og alla gistingu stéttarfélaganna.

Samtök ferðaþjónustunnar lögðu frá upphafi mikla áherslu á að ef þingmönnum væri alvara með að leggja á gistináttaskatt þá væri mikilvægt að hann yrði greiddur af allri gistingu. Það samþykktu þingmenn í júní s.l.

Þegar ferðamenn fara um hálendið næsta sumar, þá mun skipta máli hverjir reka fjallaskálana, hvort þeir þurfa að greiða gistináttaskatt eða ekki.

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla harðlega þessari geðþóttaákvörðun sem gengur þvert á markmið laganna. Skattféð á að fara til þess að vernda og byggja upp ferðamannastaði. Það skýtur því skökku við að ferðamenn sem fara um hálendið, einmitt um þá staði sem byggja á upp og vernda, munu margir hverjir sleppa við skattinn en þeir sem dvelja til dæmis á hótélum í Reykjavík, og fara jafnvel aldrei út fyrir bæinn, verða rukkaðir.

Þessi skattur er illfrankvæmanlegur og mun leiða til mikilla undanskota. Þingmenn hafa nú tekið ákvörðun sem mun gera hann enn vitlausari en ella og mun leiða til þess að beinir samkeppnisaðilar munu sumir greiða skattinn en aðrir ekki.